



Fundargerð 1. fundar notendahóps ferðaþjónustunnar

Fundurinn var haldinn hjá Hagstofu Íslands fimmtudaginn 2. febrúar 2017 milli 13:30 og 15:30.

Notendur sem mættu á fundinn voru:

Greiningaraðilar	Fyrirtæki/ stofnun
Gústaf Steingrímsson	Landsbankinn
Vilborg H. Júlíusdóttir	Samtök ferðaþjónustunnar
Kjartan Jónsson	Icelandair
Pálmi Viðar Snorrason	Höldur
Hildur Kristjánsdóttir	Stjórnstöð ferðamála
Ólöf Ýrr Atladóttir	Ferðamálastofa
Oddný Þóra Óladóttir	Ferðamálastofa
Ólafur Garðar Halldórsson	Samtök atvinnulífsins
María Reynisdóttir	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Fulltrúar frá Arion banka, Íslandsbanka, Samtökum iðnaðarins, Háskóla Íslands (ferðamálafræði) voru einnig boðaðir en komust ekki.

Á fundinum voru eftirfarandi Hagstofustarfsmenn:

Frá Hagstofu Íslands	Staða
Auður Ó. Svavarsdóttir	Deildarstjóri – Utanríkisverslun
Böðvar Þórisson	Sviðsstjóri – Fyrirtækjasvið
Gísli Már Gíslason	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Gunnar Axel Axelsson	Deildarstjóri – Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
Heiðrún Erika	Deildarstjóri – Vísitölur
Hjörvar Pétursson	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Magnús Kári Bergmann	Deildarstjóri – Fyrirtækjatölfræði
Pálmar Þorsteinsson	Sérfræðingur – Þjóðhagsreikningar
Reynir Kristjánsson	Gæðastjóri
Sigrún Halldórsdóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Svanhvít Eggerts dóttir	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Tryggvi Björgvinsson	Deildarstjóri – Upplýsingatækni og miðlun
Valgeir Geirsson	Sérfræðingur – Fyrirtækjatölfræði
Vésteinn Ingibergsson	Fagstjóri þjónustuviðskipta við útlönd - Utanríkisverslun

Fundarstjóri var Reynir Kristjánsson.

Dagskrá

1. Kynning á því nýjasta sem er að gerast í Hagskýrslugerðinni og tengist ferðamálum
2. Umbótahugmyndir
3. Forgangsröðun

Fundargerð

1. Sérfræðingar kynntu það nýjasta sem er að gerast í hagskýrslugerðinni og tengist ferðamálum. Eftirfarandi var kynnt í stuttu máli: Ferðaþjónustureikningar, gistiskýrslur, rekstrar- og efnahagsyfirlit, skammtímahagvísar og þjónustuviðskipti við útlönd.
2. Spurt var „Hvað þarf Hagstofan að bæta?“. Þátttakendur (notendur) svöruðu með því að skrifa umbótahugmyndir á miða sem síðan voru flokkaðir saman í þeim tilfellum sem sama (eða mjög svipuð) hugmynd kom fyrir oftar en einu sinni. Flokkunum var síðan gefið heiti en í flestum tilfellum var bara ein hugmynd í flokki og fékk þá flokkurinn sama heiti og umbótahugmyndin.
3. Notendur fengu 8 punkta hver til forgangsröðunar. Ef tveir voru saman frá sama fyrirtæki, stofnun eða samtökum, fengu þeir 8 punkta saman. Punktunum mátti úthluta að vild á flokkana sem fengust úr dagskrálið 2. T.d. mátti setja alla punktana á sama flokkinn eða dreifa þeim að vild. Þeim fleiri punktar þeim mikilvægari er viðkomandi umbótahugmynd.

Niðurstöður úr dagskráliðum 2 og 3 má sjá hér að neðan. Tölurnar í sviga er fjöldi stiga (punkta) sem hver flokkur fékk.

- (11) Hlutfall ferðaþjónustu í vergri landsframleiðslu
- (6) Meiri landshlutatengd tölfraði. (Í þessum flokki var líka kallað eftir meira niðurbroti á tölu almennt og upplýsingum um ferðaþjónustu í landshlutum).
- (6) Bæta lýsigögn. (Ítarlegri skilgreiningar á gögnum í töflum – Bæta lýsigögn, oft vantar skýringar, t.d. gistenætur – Betri lýsigögn í ferðamálatölfraði).
- (6) Birta alþjóðlegan samanburð. (Gistenætur, útgjöld o.fl.).
- (5) Samfella í tímaröðum í greiðslujöfnuði.
- (5) Umbætur á gistenáttatölfraði. (Birta heildargistenætur fyrr – Gistiskýrslur birtar niður á ISAT – Gistenætur niður á póstnúmer – Meðalfjöldi gistenóttta niður á landshluta og þjóðerni).
- (4) Skýrari framsetning. (Myndrænni framsetning á gögnum – Fréttabréf með skýringum á mannamáli – Meira lifandi skýrsluform frekar en stakar fréttatilkynningar).
- (4) Taka saman gögn frá Samgöngustofu um afþreyingartæki í ferðaþjónustu.
- (3) Birta tölfraði um ferðaþjónustu á sama svæði á vef Hagstofunnar.
- (2) Betri sundurliðun í útgjöldum hins opinbera til ferðaþjónustu.
- (2) Birta heimsóknir á söfn eftir tegund og landssvæðum.
- (1) Upplýsingar um menntun starfsmanna í ferðaþjónustu.
- (1) Birta ekki gögn sem vitað er að eru marklaus (eða bæta við skýringu).
- (0) Birta hvaða vísitölur eru notaðar til að færa til fasts verðlags.
- (0) Birta upplýsingar um ársverk.
- (0) Samhæfa fyrirtækjatölfraði við framleiðsluuppgjörið.
- (0) Atvinnugrein 79, draga fram ferðaþjónustuvörur.
- (0) Dagsetningar á næstu birtingu.
- (0) Færa ráðstöfunaruppgjörið í ISAT 2008. (Draga betur fram fjárfestingu í ferðaþjónustu út úr fjármálamynduninni).
- (0) Er hægt að tengja saman launþegaupplýsingar og verktakaupplýsingar (sbr. leiðsögumenn) til að gefa fyllri mynd af starfandi í greininni?